ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2002

frá 27. september 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2001 frá 28. september 2001 ([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/63/EB frá 17. ágúst 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB) í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0063:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/63/EB frá 17. ágúst 2001 (Stjtíð. EB L 227, 23.8.2001, bls. 41).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/63/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. EB L 322, 6.12.2001, bls. 27 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 25.
([2]) Stjtíð. EB L 227, 23.8.2001, bls. 41.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 27. september 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.